

N1 ehf. Bensinstöð  
Ásvellir 1  
221 Hafnarfjörður

Kópavogur, 14. mars 2024  
Tilvísun: E47972

Skýrsla send á eftirfarandi netfang: eftirlit@n1.is

## Eftirlitsskýrsla

<b>Tilefni:</b> Úttekt	<b>Eftirlit framkvæmt:</b> 22.2.2024
<b>Starfsleyfi:</b> Gildir til 12.3.2036	<b>Starfsemi:</b> Bensinstöð
<b>Aðsetur:</b> Ásvellir 1	<b>Kennitala:</b> 411003-3370
<b>Fulltrúi fyrirtækis:</b> Viktor Örn Guðmundsson	<b>Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits:</b> Sigrún Hrönn Halldórsdóttir, heilbrigðisfulltrúi

### Umfang eftirlits


Tilefni eftirlits var úttekt vegna umsóknar um endurnýjun á starfsleyfi fyrir bensinstöð. Eftirlit fór fram skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti [nr. 550/2018](#), reglugerðar [nr. 884/2017](#) um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerðar um meðhöndlun úrgangs [nr. 803/2023](#), auk reglugerðar [nr. 798/1999](#) um fráveitur og skólp.

### Niðurstöður eftirlits

- Vatnssöfnun á eldsneytistöðum:  
Í eftirlitsskýrslu dags. 18. desember 2023 kemur fram að veruleg vatnssöfnun var ofan á tönkum. Þegar úttekt átti sér stað hafði skoðun ODR farið fram þar sem niðurstaðan var sú að um hefði verið að ræða einangrað tilfelli og vatnið fjarlæggt. Í úttekt 22. febrúar s.l. var enn vatnssöfnun ofan á tönkum þrátt fyrir að hún hefði verið langt frá því að vera í sama magni og í desember. Ljóst er að ekki er um einangrað tilfelli að ræða. Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir þessa vatnssöfnun.
- Mælingar á olíu í frárennsli:  
Sbr. 20.gr. reglugerðar nr. 884/2017 skal mæla olíu í fráveituvatni að lágmarki þriðja hvert ár. N1 telur ekki mögulegt að framkvæma slíka mælingu á staðnum eins og er. Lögð hefur verið fram áætlun um úrbætur og er frestur til þess að skila til heilbrigðiseftirlits niðurstöðum slíkrar mælingar veittur til 1. september n.k.

Athugið að skýrsla þessi tekur aðeins til þeirra atriða sem skoðuð voru þann dag sem eftirlitið fór fram. Í samræmi við 13. gr. stjórnýslulaga [nr. 37/1993](#) er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Ef athugasemdir eru við ofangreind atriði óskast þær sendar á tölvupóstfangið [hef@heilbrigðiseftirlit.is](#). Heilbrigðiseftirlitið bendir á að loknum andmælafræsti verður eftirlitsskýrslan birt á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins; [www.heilbrigðiseftirlit.is](#).

Virðingarfyllst,

  
Sigrún Hrönn Halldórsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi

